



Viðbætur við staðarreglur vegna COVID-19

Í gildi frá 14. ágúst 2020

Eftirfarandi atriði koma til viðbótar stöðluðum staðarreglum sem gilda í öllum golfmótum á vegum Golfsambands Íslands 2020 og sértækum viðbótum vegna vallarins sem keppt er á:

- 1. Flaggstangir.** Óheimilt er að snerta flaggstöngina eða fjarlægja hana úr holunni. Ef flaggstöngin er snert fyrir slysi er það vítalaust. Þó er leyfilegt að rétta flaggstöngina við í holunni með kylfu eða öðru áhaldi.
- 2. Bolti í holu.** Svamphólkar eru í öllum holum. Ef einhver hluti boltans er í holunni og undir yfirborði flatarinnar, þá er boltinn í holu.
- 3. Bætt lega í glompu, færsla um lengd kylfugrips.** Hrífur hafa verið fjarlægðar úr glompum. Ef boltinn er í glompu má leikmaður taka vítalaus lausn einu sinni áður en höggið er slegið, með því að leggja upphaflega boltann innan lausnarsvæðis og leika honum þaðan.
 - Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1)
 - Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað: Lengd kylfugrips (ekki pútters) frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum:
 - Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
 - Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og
 - Það verður að vera í glompunni.
 - Ekki er leyfilegt að slétta lausnarsvæðið áður en boltinn er lagður.

Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e.

- 4. Áhorfendur** eru ekki leyfðir.

Víti fyrir brot á staðarreglu:

Almennt víti (Höggleikur - tvö högg, Holukeppni - holutap)

Almennt:

Viðhafa skal tveggja metra fjarlægðarregluna eftir því sem kostur er á keppnisvælinum, en án undantekninga á öðrum svæðum.

Allar upplýsingar um samþykktar reglur um almennan golfleik sem tóku gildi þann 14. ágúst 2020 má finna [hér](#) eða á vefnum www.golf.is.

Að öðru leyti skal leika eftir reglum "Rules of golf as approved by R&A Rules Limited and The United States Golf Association"